

Í skólanum er unnið að þróunarverkefni um eflingu orðaforða og samþættingu í kennslu, auk þess verður lögð aukin áhersla á jafnréttis- og mannréttindafræðslu jafnframt því sem unnið verður með ábyrgð nemenda á eigin líðan og námi.

## Skýrsla um innra mat í Grunnskólanum á Suðureyri, unnið á skólaárinu 2019- 2020

Jóna Benediktsdóttir er ábyrgðaraðili mats, skýrslu  
og umbótaáætlunar

---

## Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður .....	2
Um Grunnskólann á Suðureyri.....	2
Um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs .....	3
Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2019-2020 .....	4
Matsáætlun til fimm ára .....	5
Liður a) Starfsáætlun .....	6
Liður b) Nemendur, líðan, þarfir, starfsandi, samstarf og félagsstarf.....	6
Liður c) Stjórnun .....	9
Liður d) Samstarf heimila og skóla .....	13
Liður e) Grunnþættir menntunar .....	14
Umbótaáætlun .....	16
Lokaorð .....	21

## Helstu niðurstöður

Reglulegt innra mat á skólastarfi við Grunnskólann á Suðureyri hefur að þessu sinni leitt í ljós að enn þarf að vinna á markvissan hátt með læsi, orðaforða og framfarir í námi, einnig er hægt að gera betur hvað varðar vinnu með skapandi starf í almennri kennslu. Þá komu einnig fram ábendingar um verkefni sem snúa að ábyrgð nemenda á eigin líðan, samskiptum, vináttu, lýðræði, mannréttindum og jafnrétti. Áfram verður unnið með þróunarverkefni skólans „Náum betri árangri saman” en vinna við það hefur raskast nokkuð vegna sóttvarnafyrirmæla. Þá verður lögð aukin áhersla á vinnuumhverfi starfsmanna með sérstaka áherslu á nýliða, heilsueflingu og upplýsingastreymi.

## Um Grunnskólann á Suðureyri

Fram til ársins 1908 höfðu farandkennarar séð um kennslu á heimilum fólks á Suðureyri en árið 1908 varð breyting á því þegar var fyrsti skólinn á Suðureyri reistur. Það var gert í kjölfar þess að lög um skólaskyldu voru sett árið 1907. Þetta fyrsta skólahúsnæði samanstóð af tveimur kennslustofum auk áhaldaherbergis. Skólinn fékk strax nauðsynlegustu kennslutæki og áhöld ásamt orgeli. Fyrsti skólastjóri og kennari við hinn nýja skóla var Friðrik Hjartar og var hann skólastjóri allt til ársins 1932.

Árið 1958 var nýtt og stærra skólahúsnæði tekið í notkun sem leysti gamla húsið af hólmi. Árið 1983 var svo tekin í notkun viðbygging við skólann og var það helmings stækkun á skólanum. Í þeirri byggingu eru meðal annars verkgreinastofa fyrir smíði og stofa fyrir heimilisfræði sem einnig er notuð sem matsalur og þar er textíl einnig kennd. Í skólanum er lítið bókasafn og góð aðstaða til tölvukennslu og skólinn er almennt vel tækjum búinn miðað við nemendafjölda.

Í janúar 2006 var vígt nýtt íþróttahús sem er sambyggt skólahúsinu. Innangengt er milli skóla, íþróttahúss og sundlaugar sem vígð var 1994. Búningsaðstaða er sameiginleg fyrir íþróttahús og sundlaug. Nemendur skólans koma frá Suðureyri og sveitunum þar í kring. Suðureyri er hluti af sveitarfélaginu Ísafjarðabæ. Núverandi skólastjóri og ábyrgðaraðili þessarar skýrslu er Jóna Benediktsdóttir

### Um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs grunnskóla að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfssemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. (Lög um grunnskóla nr. 91, frá 2008)

Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir og skapa þannig grunn fyrir æskilega þróun skólastarfsins. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólki skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og samfélags. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað, með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er um leið liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert.

Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftár á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Viðtölu við nemendur, starfsmenn og foreldra eru einnig stór þáttur í gagnasafni vegna mats á ári hverju. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir. Skólarnir í Ísafjarðarbæ hafa einnig ákveðið að nota matskerfið Gæðagreina til að meta fjölmarga þætti í starfi sínu og við þá vinnu skoða starfsmenn starf skólans með heildrænum hætti og leggja gagnrýnið mat á tiltekna þætti árlega, nemendur koma einnig að þeirri vinnu eftir því hægt er.

### [Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2019-2020](#)

Í Ísafjarðarbæ hefur verið sett upp sameiginleg matsáætlun fyrir alla grunnskóla sveitarfélagsins. Það er gert til að stuðla að auknu samstarfi um úrbætur og einfalda úrvinnslu. Að mestu er stuðst við matskerfið Gæðagreina, en einnig kannanir og samræmd próf sem skólarnir taka þátt í með reglubundnum hætti. Kannanir sem gerðar eru af starfsfólki skólans, niðurstöður úr starfsmannasamtölum og niðurstöður og lokasamantektir nemendapínga eru einnig lagðar til grundvallar við mat á skólastarfinu. Á þessu skólaári fékk Grunnskólinn á Suðureyri einnig utanaðkomandi sérfræðing til að halda matsfund með nemendum á unglíngastigi í tengslum við þróunarverkefni skólans. Á hverju ári eru gerðar kannanir um líðan og þarfir nemenda og annað hvert ár er viðhorf foreldra metið og á móti viðhorf

starfsmanna. Þetta er gert með könnunum frá Skólapúlsi. Sjálfsmatsskýrsla skólans er birt að vori þegar öllum niðurstöðum hefur verið safnað og unnin viðeigandi umbótaáætlun. Núgildandi matsáætlun er sem hér sýnir:

### Matsáætlun til fimm ára

	gæðagr	2018-19	2019-20	2020-21	2021-22	2022-23
Skólanámskrá	1.3, 2.2			x		
Starfsáætlun	1.3, 2.2	x	x	x	x	x
Nám, námsárangur, kröfur og námsmat	2.3, 2.4, 3.1, 3.2	x		x		
Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	3,1	x	x	x	x	x
Kennsla, kennsluhættir og starfsþróun	2.3, 2.6,				x	
Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti	Ársk1.4	x		x		x
Stjórnun	1.2, 1.4		x			
Viðmót og menning skóla, jafnrétti jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti	Ársk, 2.1, 3.1	x			x	
Aðbúnaður						x
Samstarf heimila og skóla	2.5, 2.7		x		x	
Ytri tengsl, önnur skólastig, nærsamfélagið	2.7	x				
Umbótaaðgerðir og þróunarstarf	1.1			x		
Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar	1.5				x	
Grunnþættir menntunar, læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð	3.3		x			x

Samkvæmt áætluninni skal á yfirstandandi skólaári taka fyrir fimm matsþætti, það eru: a) starfsáætlun, b) nemendur, líðan, þarfir, starfsandi, samstarf og félagsstarf, c) stjórnun, d) samstarf heimila og skóla, og að lokum e) grunnþættir menntunar. Þessir matsþættir skarast nokkuð og því verður ekki gerð sérstök umbótaáætlun fyrir hvern þátt heldur einungis ein heildaráætlun sem tekur til allra matsþátta.

### Liður a) Starfsáætlun

Þessi efnispáttur matsins var unninn í september og október 2019. Við mat á starfsáætlun lásu starfsmenn áætlunina saman, báru hana saman við gátlista í aðalnámskrá Grunnskóla um hvað starfsáætlun skóla á að innihalda og gerðu margskonar breytingatillögur. Að því loknu var áætlunin metin með aðferðum Gæðagreina út frá fimm spurningum, sjá hér að neðan.

		1	2	3	4	5	6
A	Hversu mikið tillit tókum við til stefnu sveitarfélagsins við gerð starfsáætlunar?				x		
B	Að hve miklu leyti tókum við mið af þáttum sem marka skólanum sérstöðu?					x	
C	Á hversu skilvirkan hátt nýtum við gögn og upplýsingar um skólastarfið við þróun starfsáætlunar?				x		
D	Að hve miklu leyti er starfsáætlunin lýsandi fyrir skólastarfið?				x		
E	Að hve miklu leyti birtist sýn okkar á skólastarfið í starfsáætluninni?					x	
	Meðaltalseinkunn matspáttar	4,2					

Allir matspáttir fengu einkunnina 4-5 hjá starfsmönnum og heildareinkunn matspáttarins er því 4,2. Okkar mat er að mikilvægast sé að skilgreina stefnu og einkunnarorð skólans með öllum hagsmunaðilum skólastarfsins.

### Liður b) Nemendur, líðan, þarfir, starfsandi, samstarf og félagsstarf

Mat á líðan og þörfum nemenda fer fram með reglubundnum hætti yfir allt skólaárið. Verklag við matspáttinn fól í sér að halda nemendafing, kannanir Skólafélags og tengslakannanir, viðtöl námsráðgjafa og sérfræðings frá Menntavísindasviði HÍ við nemendur.

Á áætlun var að halda fjögur nemendafing þar sem nemendur ræddu, leggðu mat á og gerðu umbótatillögur um atriði sem tengjast daglegu starfi skólans. Þingin eru haldin til að auka líkur að nemendur skilji og taki ábyrgð á eigin hegðun og líðan.

Á fyrsta þingi var unnið með reglur í frímínútum og umgengni í matsal. Nemendur settu reglur fyrir frímínútur og gerðu tillögu að skipulagi í matsal. Á öðru þinginu var unnið með einelti. Nemendur ræddu hugtakið og hvað starfsmenn, foreldrar og nemendur gætu gert til að vinna gegn einelti. Á þriðja þinginu var unnið með einkunnarorð skólans. Nemendur skilgreindu þau og settu fram skilgreiningar á hvernig þau gætu gagnast í skólastarfinu. Vegna sóttvarna reyndist ekki hægt að halda fjórða þingið.

Megin niðurstöður úr þingunum eru að nemendur vilja að skólinn sé laus við einelti og vita hvað þarf að gera til að svo megi verða, þeir gera sér einnig grein fyrir hvernig vinna er líklegust til að skila þeim árangri og því er það starfsfólks að fylgja málum þannig eftir að þetta vinnulag verði til að efla þroska þeirra.

Í öllum tilvikum var nemendaráð með í úrvinnslu tillagna nemenda og niðurstöður gerðar sýnilegar á veggjum skólans.

Nemendur áttu að svara tveimur könnunum á vegum Skólapúlsins á skólaárinu. Fyrri könnunin var gerð í febrúar og endurspeglar upplifun nemenda á skólaumhverfinu á þeim tíma. Seinni könnunin átti að vera í apríl en hún féll niður vegna breytinga á skólastarfinu sem komu til vegna ráðstafana í tengslum við sóttvarnir.

Í vinnslu Skólapúlsins eru niðurstöður taldar tölfræðilega marktækar ef þær víkja 0,5 eða meira frá landsmeðaltali. Hér verður því aðeins fjallað um þá þætti niðurstaðnanna sem það á við um.

Niðurstöður Skólapúlsins eru teknar saman í þremur matsþáttum, það er virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi og að auki er rými fyrir opin svör.



Í þættinum *Virgni nemenda í skólanum* eru marktæk frávik frá landsmeðaltali í fjórum þáttum og þau eru öll jákvæð og munar þar mestu um hvernig nemendur í Grunnskólanum á Suðureyri meta ánægju af lestri samanborið við aðra nemendur í könnuninni þar sem mismunurinn er upp á 1,5.

Í þættinum *Líðan og heilsa* eru marktæk frávik í fjórum þáttum og eru þau öll neikvæð en munurinn er þó mjög lítill eða 0,6 í þremur þáttum en í fjórða þættinum, tíðni eineltis er hann 12,5%.

Í þættinum *Skóla-og bekkjarandi* eru marktæk frávik í þremur þáttum, tvö neikvæð og eitt jákvætt. Neikvæðu frávikin eru í þáttunum samsömun við nemendahópinn og samband nemenda við kennara en þau jákvæðu í þættinum agi í tímum.

Í opnum svörum nemenda kemur fram að þeim þyki gott hvað skólinn er lítill og að allir séu vinir og að í honum sé eiginlega ekkert einelti og að þeim þyki slæmt að nemendur séu stundum að baktala hver annan og ekki sé nóg mikið tekið tillit til hvers og eins nemanda.

Námsráðgjafi tók einnig einstaklingsviðtöl við alla nemendur og metur stöðu þeirra þannig að líðan sé almennt góð. Í tengslakönnun kom fram að langflestir höfðu einhvern sem þeir gátu leikið við eða verið með, bæði í skólanum og utan hans. Umsjónarkennarar fengu niðurstöður tengslakannana og gátu nýtt þær í sinni vinnu með nemendum.

Sérfræðingur frá Menntavísindasviði HÍ hélt matsfund með nemendum í febrúar. Þar var rætt um nám, kennslu og samskipti nemenda og starfsmanna. Á þeim fundi komu fram nokkrar vísbendingar um að nám í tilteknum greinum væri oft einhæft að mati nemenda. Lögð var til áætlun um umbætur á því en ekki var unnt að fylgja þeirri áætlun til skólaloka vegna sóttvarnafyrirmæla en tekið er tillit til þessarar vísbendingar í almennri umbótaáætlun skólans.

## Liður c) Stjórnun

Vinna við matsþáttinn „stjórnun“ fór að mestu fram í nóvember 2019 fyrir utan könnun Skólapúlsins sem framkvæmd var í lok febrúar 2020. Verklag fól í sér að unnið var með Gæðagreina þar sem starfsmenn ræddu saman með gagnrýnar spurningar að leiðarljósi um margvísleg efni sem tengjast stjórnun skólans í víðum skilningi. Meginþemu gæðagreinanna sem unnið var með eru forysta og starfsmannastjórnun og verklag sem stuðlar að sanngirni. Einnig svöruðu starfsmenn könnun um stjórnun skólans sem Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar, vann úr.

Í gæðagreinunum fengust starfsmenn við 25 spurningar eða fullyrðingar þar sem gefin var einkunn á bilinu 1-6, þar sem 1 er lakast og 6 er sterkast. Einkunnin 3 þýðir að styrkleikar í starfinu rétt ná að veða á móti veikleikum og bendir til þess að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum. Lægri einkunn bendir til þess að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða eins fljótt og hægt er. Hærri einkunnir gefa til kynna að starfssemi skólans á tilteknum sviðum sé í lagi en þó megi sitthvað bæta.

### Lykilþáttur 1.4. Forysta og starfsmannastjórnun – niðurstaða starfsmannafunda

#### Gagnlegar spurningar

		1	2	3	4	5	6	
A	Að hvaða marki nýtast aðferðir okkar við að skapa góðan skólabrag?							3,5
B	Hversu vel stuðla hópar og einstaklingar innan skólasamfélagsins að námsárangri nemenda?							3,5
C	Leitum við eftir endurgjöf um samskipti okkar og tökum mið af viðhorfum samstarfsfólks?							3,5
F	Hversu vel náum við að virkja forráðamenn nemenda til þátttöku á fundum?							4,5
G	Að hvaða marki nýtast aðferðir okkar við að styðja og uppfæra nýliða í starfi?							2,5

I	Hversu vel er stutt við réttindi starfsfólks og ábyrgð?							4
J	Hversu vel gagnast starfsáætlun skólans og skólanámskrá nýju fólki?							3,5
L	Er heilsu- öryggis og áhættumat							2

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið.

		1	2	3	4	5	6	
C	Aðgengi að leiðtogum í skólastarfi er gott.							5
D	Starfsfólk notar ýmsar leiðir til samskipta, meðal annars stafræna tækni og nýtir tækifæri til samræðna og faglegra samskipta.							4,5
E	Skólinn skoðar reglulega viðbrögð sín við þeim kvörtunum sem berast.							5
H	Skólasamfélagið vinnur gegn fordómum svo öllu starfsfólki líði vel.							5
K	Allt starfsfólk ber virðingu fyrir starfi sínu.							5

Lykilþáttur 1.5. Verklag sem stuðlar að sanngirni – niðurstaða starfsmannafunda

		1	2	3	4	5	6	
B	Leiðtogar í skólastarfi tryggja gagnsæi og sanngirni við nýtingu fjármagns fyrir alla.							4,5
C	Ákvarðanir um útgjöld eru teknar í samræmi við markmið skólans og sýn eftir þeirri forgangsrið sem ákveðin hefur verið.							4
K	Öll tiltæk úrræði, þar á meðal upplýsingatækni og útikennslusvæði, eru notuð á áhrifaríkan hátt til að skapa og viðhalda áhugahvetjandi námsumhverfi.							3,5
L	Kennarar nota mörg úrræði á árangursríkan hátt, þar á meðal upplýsingatækni, til að skapa viðeigandi stuðning og áskoranir fyrir nemendur.							4

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið

		1	2	3	4	5	6	
D	Hve skilvirk eru úrræðin sem við notum til að viðhalda umbótum sem við setjum í forgang?							4,5
E	Að hvaða leyti stuðla aðferðir okkar við beitingu úrræða að betri árangri fyrir alla nemendur?							4

F	Að hvaða leyti er horft til þess að bæta gæði náms og kennslu með fjárhagslegum útgjöldum?								4,5
G	Hversu vel er húsnæði skólans og umhverfi hans notað til að skapa lærdómsumhverfi og styðja velferð nemenda og starfsfólks?								4,5
H	Á hversu skilvirkan hátt fylgjumst við með notkun og áhrifum tiltækra úrræða á nám og kennslu?								3,5
I	Hversu vel vinnum við með nemendum, forráðamönnum og samstarfsaðilum við að ná sameiginlegri niðurstöðu?								3,5
J	Á hversu skilvirkan hátt notum við úrræði okkar til að mæta námsþörfum allra og tryggja sanngirni?								4,5
L	Hversu skilvirkar eru leiðir okkar í heilsu – og öryggismálum og eru þær framkvæmanlegar?								2

Í matsþættinum „forysta og starfsmannastjórnun“ fékk skólinn meðaleinkunnina 3,96 hjá starfsmönnum og í matsþættinum „verklag sem stuðlar að sanngirni“ fékk skólinn meðaleinkunnina 3,83 hjá starfsmönnum. Meðaltalseinkunn endurspeglar ekki allar spurningar og að teknu tilliti til þess eru 3 spurningar, sem eru gulmerktar í töflunni hér að ofan, sem bregðast þarf við með aðgerðaáætlun og snúast þær um nýliðafræðslu og áætlanir um heilsu, áhættu og öryggismat.

Einnig var lögð könnun fyrir starfsmenn þar sem þeir svöruðu 34 spurningum. Svarmöguleikar voru á bilinu 1-5 þar sem 1 er lakast og 5 er best. Skor á bilinu 1,00 til 3,69 eru skilgreind á aðgerðarbili (rauð), skor á bilinu 3,70 til 4,19 eru á starfhæfu bili (gul) og skor á bilinu 4,20 til 5,00 eru á styrkleikabili (græn)

Af þessum 34 spurningum eru svör starfsmanna við 15 spurningum á grænu bili eða 44% sem merkir að viðkomandi atriði sé styrkleiki í skólastarfinu, svör við öðrum 15 spurningum eru á gulu bili sem merkir starfhæft bil og svör við 4 spurningum eru á rauðu bili, eða á bili sem krefst aðgerða. Af þeim fjórum spurningum er aðeins ein sem snýr að skólastarfinu, aðrar snúa að yfirstjórn

skólamála hjá Ísafjarðarbæ. Sú spurning sem bregðast þarf við með aðgerðaáætlun innan skólans snýst um upplýsingaflæði á starfsstöðinni. Einnig komu nokkrar ábendingar sem snúast um hreyfingu, heilsu, hrós og nýliðafræðslu fram í opnum svörum.

Starfsmenn svöruðu spurningakönnun Skólapúlsins í lok febrúar 2020. Sú könnun er ekki að öllu leyti viðeigandi fyrir skóla af þessari stærð en hins vegar fæst með henni ákveðinn samanburður við upplifun starfsmanna í öðrum skólum á starfsumhverfi. Skólapúlsinn gerir samantekt í 7 liðum, svör starfsmanna GS eru ekki einsleit innan hvers flokks en reynt verður að draga saman helstu liði.

Í flokki 1, sem nefnist „starfið“ kemur fram marktækur munur á hvernig starfsmenn upplifa vinnuálag og ágreining um hlutverk, en þar er upplifun starfsmanna GS jákvæðari en almennt á landinu, en í þættinum jákvæðar áskoranir í starfi er upplifun neikvæðari.

Í flokki 2, sem nefnist „starfsmenn“ kemur fram talsverður munur í öllum spurningum. Neikvæður munur kemur fram í spurningum um leikni í starfi og skuldbindingu til vinnustaðar en jákvæður varðandi skörun vinnu og einkalífs.

Í flokki 3, sem nefnist „vinnustaðurinn“ kemur fram neikvæður munur í spurningum um starfsanda og stuðning frá samstarfsfólki þar sem starfsmenn meta andrúmsloft í skólanum ekki nægilega hvetjandi en jákvæður munur þegar spurt er hvort verkefnum sé útdeilt á sanngjarnan hátt.

Í flokki 4, sem nefnist „stjórnun“ kemur fram jákvæður munur í öllum spurningum og þá sérstaklega þegar spurt er um valdeflandi forystu.

Í flokki 5, sem nefnist „kennarar – kennarastarfið“ eru margar spurningar sem ekki eru viðeigandi í okkar starfsumhverfi og því erfitt að nota hann til samanburðar.

Eins spurning sker sig þó nokkuð úr, það er um trú kennara skólans á eigin getu, þar meta starfsmenn getu sína ekki eins góða og almennt gengur og gerist.

Í flokki 6, sem nefnist „starfsumhverfi kennara“ eru tveir þættir þar sem frávík skólans eru talsverð. Annars vegar þegar spurt er um faglegan stuðning skólastjóra, þar eru frávikin jákvæð og hins vegar þegar spurt er um samvinnu við kennslu, þar eru frávikin neikvæð.

Í flokki 7, sem nefnist „kennarar – símenntun kennara“ kemur aðeins frá jákvæður munur.

Í ljósi þessa teljum við mikilvægt að efla samvinnu kennara um kennslu þannig að fleiri möguleikar skapist til samvinnu og stuðnings innan starfsmannahópsins.

#### Liður d) Samstarf heimila og skóla

Skólinn er í skipulögðu þróunarverkefni sem meðal annars miðar að því að efla samstarf heimila og skóla með sérstaka áherslu á þátttöku foreldra af erlendum uppruna. Það verkefni hefur þó ekki gengið samkvæmt áætlun í vetur vegna margskonar utanaðkomandi áhrifaþátta. Í verkefninu felst meðal annars að halda fræðslufundi sem ætlaðir eru til að efla foreldra til þátttöku í námi barna sinna. Á fundunum er gert ráð fyrir að sérfræðingar í vinnu með foreldrum sem ekki hafa íslenskan bakgrunn sjái um fræðsluna og leiðbeini bæði foreldrum og starfsmönnum og gerðir hafa verið samningar við bæði prófessora á Menntavísindasviði HÍ og brúarsmiði hjá Reykjavíkurborg í þessum tilgangi. Fyrsti fundur fyrir foreldra var áætlaður þann 24. október, þá átti að fjalla um réttindi og skyldur í íslenska skólakerfinu og hvernig foreldrar gætu aðstoðað börn sín þrátt fyrir að hafa ekki fullkomna íslenskukunnáttu. Veður varð til þess að sérfræðingar komust ekki til okkar þann dag. Þegar ljóst var að þeir kæmst ekki fyrr en á

vorönn var ákveðið að breyta röð fyrirhugaðra foreldrafunda og fjalla um svefn og næringu á fyrsta fundi og taka fræðslu um réttindi og skyldur í apríl. Næsta dagsetning var því 14. apríl, en þá var enn samkomubann á Íslandi vegna sóttvarna í tengslum við Covid-19, svo þeim fundi var frestað til 1. september. Allt samstarf við foreldra eftir að samkomubann tók gildi fór fram með rafrænum hætti.

Í foreldraviðtölum á miðju skólaári var tekin upp sú nýbreytni að hafa nemendastýrð foreldraviðtöl í þeim tilgangi að virkja nemendur til umhugsunar um eigið framlag. Nemendur undirbjuggu viðtölin og ákváðu hvaða verkefni þeir myndu leggja sérstaka áherslu á að sýna foreldrum sínum. Að viðtölunum loknum voru foreldrar spurðir álits á hvernig þeim líkaði þessi tegund viðtals og voru allir foreldrar jákvæðir vegna þessa. Foreldrakönnun Skólapúls er framkvæmd annað hvert ár og því var engin könnun á þessu ári og því ákveðið að fresta formlegu mati á viðhorfi foreldra til skólans til skólaársins 20-21.

#### Liður e) Grunnþættir menntunar

Stærsti matsþáttur vetrarins var að leggja mat á hvernig unnið er með grunnþætti menntunar eins og þeir eru skilgreindir í Aðalnámskrá grunnskóla. Þessi vinna fór fram í janúar og febrúar 2020. Starfsmenn og nemendur mátu viðfangsefni og andrúmsloft í skólastarfinu með aðferð Gæðagreina og voru niðurstöður sem hér segir:

#### Grunnþættir menntunar – starfsfólk

		1	2	3	4	5	6	
A	Að hve miklu leyti er unnið með lýðræði í okkar skóla?							4,5
B	Að hve miklu leyti er lögð áhersla á mannréttindi í okkar skóla?							5
C	Eru nemendur spurðir álits þegar verið er að skipuleggja skólastarf eða einstaka viðburði?							4
D	Að hve miklu leyti geta nemendur haft áhrif á viðfangsefni sín og nám í skólanum?							3

E	Hversu mikil áhersla er lögð á læsi í okkar skóla?									3,5
F	Að hvaða marki fá nemendur fræðslu um þætti sem stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði?									4
G	Hversu mikil áhersla er á að ástunda heilbriggt líf í okkar skóla?									4,5
H	Að hve miklu leyti er unnið með jafnrétti í okkar skóla?									4
I	Að hve miklu leyti hafa nemendur val um hvernig þeir skila verkefnum?									3,75
J	Að hve miklu leyti er lögð áhersla á skapandi starf í öllum námsgreinum í okkar skóla?									3,5
K	Hversu mikla áherslu leggur skólinn á fræðslu varðandi umhverfis- og náttúruvernd?									4

## Samantekt

### Sterku hliðarnar okkar

Vinum með flesta grunnþættina að einhverju marki. Lýðræðisvinna er talsvert ástunduð og helst með unglingum. Unglingar eru oft spurðir á lits við skipulag skólustarfsins og einstakra viðburða. Leggjum mikla áherslu á læsi en árangur er ekki eins og við höfum vonast eftir. Kennsla um grunnþarfirnar er hluti af kennslu um mikilvægi andlegs heilbrigðis. Foreldrar hafa fengið fræðslu um mikilvægi þess að nemendur séu með hollt nesti og fái góðan svefn. Föstudagsverkefni styður við grunnþáttavinnu að mörgu leyti og þar hafa nemendur bæði val um viðfangsefni og leiðir til að skila.

### Það sem við þurfum/viljum bæta

Leggja áherslu á skapandi starf í fleiri námsgreinum, efla vinnu með lýðræði og mannréttindi á yngri stigum, fjölga þeim viðfangsefnum þar sem nemendur geta haft val um hvernig þeir skila verkefnum, vinna markvissar með jafnrétti. Ná betri árangri í að virkja foreldra með okkur í að vinna að heilbrigðum lífsháttum.

Með tilliti til þess sem okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við skólanum eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt										3,97
---	--	--	--	--	--	--	--	--	--	------



Nemendur á unglíngastígi unnu einnig með Gæðagreini um grunnþætti menntunar.

Þeir gerðu eftirfarandi samantekt:

### **Sterku hliðarnar okkar**

Lýðræði, áhersla á læsi, jafnrétti, fræðsla um líkamlegt heilbrigði, skapandi starf.

### **Það sem við þurfum/viljum bæta**

Spyrja þarf nemendur oft um skoðun þeirra, hætta með dans og hafa íþróttir í staðinn, hafa tónmennt, og sumt varðandi kennara.

### **Umbótaáætlun**

Á grundvelli matsþátta þessa skólaárs er umbótaáætlun byggð á hugmyndum nemenda og starfsmanna og sett fram sem starfsmarkmið skólaársins 2020 – 2021. Skólastjóri er ábyrgðaraðili umbótaáætlunar og fær til liðs við sig alla starfsmenn skólans við framkvæmd hennar. Ekki er hægt að verða við ósk nemenda um að hætta með dans og hafa íþróttir í staðinn þar sem dans fellur undir listgreinar en íþróttir eru sérstök grein. Reynt verður að uppfylla ósk nemenda um tónmennt með því að hafa oft samsöng og kennarar ræða sín á milli hvernig þeir geta sem best mætt þörfum nemenda.

Að teknu tilliti til allra matsþátta verða megináherslur næsta skólaárs í vinnu með nemendum lagðar á vinnu með læsi og lesskilning, skapandi starf, sjálfsmynd og sjálfstraust, ábyrgð á eigin líðan, lýðræði og jafnrétti, samskipti og vináttu auk þróunarverkefnis skólans „Náum betri árangri saman“ sem unnið verður með áfram á næsta ári. Í vinnu starfsmannahópsins verður lögð áhersla á gott upplýsingaflæði, ábyrgð á eigin heilsu og leiðsögn við nýliða. Í þessu ljósi eru sett eftirfarandi starfsmarkmið í sex flokkum.

## **Læsi, orðaforði og framfarir í námi**

Lögð verði áhersla á lestur í öllum námshópum og nemendum kenndar leiðir til að efla lesskilning sinn.

### **Leiðir:**

- Allir dagar hefjist á yndislestri þar sem kennarar lesi með nemendum.
- Haldnar verði bókmenntakynningar í öllum námshópum þar sem starfsmenn, foreldrar og nemendur segja frá sinni uppáhaldsbók.
- Nemendur búi til sína eigin orðabók með orðum sem þeir hafa lært á tilteknum tíma.
- Vinna nemenda með orðaforða í öllum námsgreinum verði gerð sýnileg á veggjum skólans.
- Lestrarhátíð Suðureyrar verði haldin 16.nóvember.
- Unnið verði með framsögn í tengslum við skil nemenda á áhugasviðsverkefnum.
- Markmið náms og matsviðmið verði útskýrð reglulega fyrir nemendum og foreldrum og nemendur hvattir til að setja sér einstaklingsbundin markmið.

**Mat:** Farið verður yfir þau atriði sem hægt er að staðfesta að hafi verið unnin að öðru leyti verður tekið mið af viðmiðum Menntamálastofnunar í lesfimi, niðurstöðum samræmdra könnunarprófa, mati kennara á vinnu með orðaforða og markmiðsvinnu nemenda. Lokamat verður gert í júní 2021.

## **Skapandi starf**

Lögð verði áhersla á að nemendum gefist tækifæri til að beita skapandi hugsun við sem flest tækifæri í skólastarfinu.

### **Leiðir:**

- Í kennsluáætlunum allra greina birtist að minnsta kosti eitt útiverkefni og eitt verkefni sem býður upp á skapandi starf nemenda.

- Í kennsluáætlunum mið- og unglíngastígs birtist að minnsta kosti eitt verkefni þar sem nemendur hafa val um hvernig skal skíla úrlausn.
- Áfram verði unnið með áhugasvíðsverkefni með nemendum 5.-10.bekkjjar.

**Mat:** Farið verði yfir kennsluáætlanir á haust og vorönn. Nemendur og kennarar leggi mat á vinnu við áhugasvíðsverkefni. Lokamat vegna áhugasvíðsverkefnis verður gert með nemendum og starfsmönnum í maí 2021. Mat á verkefnum úr kennsluáætlunum verður gert á starfsmannafundi í júní.

### **Ábyrgð á eigin líðan, samskipti og vinátta**

Lögð verði áhersla á að nemendur skilji hvernig þeir geta haft áhrif á eigin líðan og kunni leiðir til að takast á við vanlíðan.

#### **Leiðir:**

- Unnið verði með grunnþarfir Uppbyggingar í öllum hópum.
- Bekkjarsáttmáli verði unninn í öllum bekkjum í september og endurmetinn á vorönn.
- Sáttaleið Uppbyggingar til að leysa úr ágreiningi verði kennd á miðstígi.
- Einnig verði unnið markvisst með önnur verkfæri Uppbyggingar eins og hegðunarbílinn á miðstígi og óskaveröldina á unglíngastígi.
- Fræðsla um einelti verði í öllum námshópum í september, desember og mars.

**Mat:** Niðurstöður úr könnunum Skólalúlsins og samantekt úr viðtölum námsráðgjafa. Á matsfundi í nóvember verði farið yfir hver af þessum atriðum teljast unnin og gerð tímasett áætlun til úrbóta ef þeim er ekki lokið.

### **Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti**

Lýðræðisleg vinnubrögð verði samofin skólalstarfinu á öllum stígam sem felur meðal annars í sér að auka skilning nemenda á lýðræðislegum ferlum og efla samræðufærni þeirra.

### **Leiðir:**

- Haldin verði 3-4 nemendaping á skólaárinu, þar af eitt um jafnrétti. Niðurstöður þinganna verði kynntar öllum í skólasamfélaginu og gerðar sýnilegar í skólanum.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði kynntur í öllum námshópum.
- Nemendum verði boðið að velja á milli verkefna eins oft og mögulegt er.
- Unnið verði með hugtök sem tengjast lýðræði og jafnrétti í öllum námshópum og þau skilgreind.
- Unglingastig læri um sögu jafnréttisbaráttu kynjanna og jafnrétti í víðara samhengi.

**Mat:** Fjöldi nemendapinga og samræðuefni verði skráð. Hugtakavinna verði sýnileg. Mat á vali nemenda fari fram á starfsmannafundum í janúar og maí.

### **Þróunarverkefni skólans „Náum betri árangri saman”**

Verkefnið felur í sér orðaforðakennslu, samþættingu námsgreina og eflingu foreldrasamstarfs. Leiðir vegna orðaforðakennslu og samþættingar hafa þegar komið fram. Í foreldrasamstarfi verður lögð áhersla á að auka þekkingu foreldra á réttindum og skyldum í tengslum við skólastarf, kynna þeim verkefni og matsviðmið og að auðvelda heimsóknir foreldra í skólann.

### **Leiðir:**

- Fræðslufundur um réttindi og skyldur foreldra verði haldinn í september og annar um læsi og þátt foreldra í námi á vorönn.
- Helstu verkefni og matsviðmið verði kynnt í foreldraviðtali við upphaf skólaárs.
- Foreldrar verði beðnir að koma í heimsókn og kynna áhugamál eða vinnu sína.

- Allir námshópar bjóði foreldrum á að minnsta kosti eina kynningu á verkefnum nemenda.
- Einu foreldraviðtali vetrarins verði stýrt af nemendum.

**Mat:** Stuðst verður við niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins og eigin könnun skólans á viðhorfi foreldra til verkefnisins.

## **Starfsmannahópurinn**

Mikilvægt er að upplýsingaflæði sé gott og að gætt sé fyllsta öryggis, að starfsmenn hafi tækifæri til að leita stuðnings hver hjá öðrum um málefni sem varða kennslu og að starfsmenn séu meðvitaðir um ábyrgð á eigin heilsu.

### **Leiðir:**

- Gerð verði áætlun fyrir skólann um móttöku og eftirfylgni við nýliða í starfi – ábyrgð JB, SPÓ og EBM þessu verði lokið fyrir áramót 2020-2021.
- Gert verði áhættumat fyrir vinnustaðinn samkvæmt stöðlum vinnueftirlitsins – ábyrgð öryggistrúnaðarmaður, AJH og JB - þessu verði lokið í september 2020.
- Útbúin verði heilsustefna skólans. Ábyrgð JB, EBM og SHS. Þessu verði lokið fyrir áramót 2020-2021.
- Upplýsingar verði skrifaðar á töflu á starfsmannasvæði daglega.
- Starfsmenn muni eftir að upplýsa hver annan um atvik sem upp koma og geta haft áhrif á vinnu í næstu kennslustundum eða í frímínútum.
- Almennar tilkynningar verði settar inn á workplace-hóp starfsmanna og á skóladagatal í outlook.
- Stundatafla sé skipulögð þannig að hún bjóði upp á samvinnu starfsmanna.

**Mat:** Árangur metinn í janúar og maí.

## Lokaorð

Sjálfsmat skóla er fyrst og fremst gagnlegt tæki fyrir starfsmenn til að skoða eigið starf með gagnrýnu hugarfari og leggja mat á hvernig starfsumhverfið styður við þroska nemenda og eflir starfsmenn til dáða. Þá veitir matið skólanum jafnframt tækifæri til að skoða starf sitt í ljósi markmiða aðalnámskrár og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Vinna við mat þessa skólaárs hefur farið fram jafnt og þétt allan veturinn og starfsmenn hafa unnið það heiðarlega og samkvæmt bestu vitund. Þá hafa nemendur haft meiri aðkomu að matinu þennan vetur en áður og vonumst við til að geta haldið áfram á þeirri braut þannig að hlutur þeirra verði stærri því markmið skólastarfsins eru fyrst og fremst að þjóna nemendum þannig að þeir fái sem flest tækifæri til að efla þroska sinn.

Við matið kom í ljós að sóknartækifæri eru á ýmsum sviðum í skólastarfinu og markmið okkar eru að í Grunnskólanum á Suðureyri fá nemendur gæðakennslu á sem flestum sviðum þannig að umhverfi þeirra verði þeim hjálplegt til að þróa skilning sinn á þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu þeirra til að verða bæði mótendur og virkir þátttakendur í slíku samfélagi.

8.júlí 2020

Jóna Benediktsdóttir

Skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri